

14 Með því að í erindi þessu er hvorki talað um það, hverja muni eigi að halda lotterí um, nje hve marga sedla skuli gefa út og hve dýrt þeir skuli seld-
24. febr. ir, getur hið umrædda leyfi eigi orðið veitt.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að jeg eptir því sem nú er ástatt eigi mundi hafa veitt hið umbeðna leyfi, þótt beiðnin um það hefði verið betur útbúin.

15
27. febr.

Samþykkt

um afnám fiskiveiðasamþykktar.

Sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefir með lögákveðinni hlutdeild bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, samkvæmt lögum 14. des. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum 4. des. 1886 um breyting á fyrnefndum lögum, gjört eptirfylgjandi

SAMÞYKKT

um afnám samþykktar um þorskanetalagnir í sunnanverðum Faxaflóa.

Samþykkt um þorskanetalagnir í sunnanverðum Faxaflóa, dags. 17. febr. 1897, skal hjermeð úr gildi numin.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirskrifuðum amtmanni til þess hún öðlist gildi þann dag, þegar 7 dagar eru liðnir frá þeim degi, er það tölu-
blað kemur út af Stjórnartíðindum B., er samþykktin birtist í.

Þetta er hjermeð kunngjört öllum hlutadeigendum til eptirbreytni.

Suðuramtið, Reykjavík 27. febr. 1899.

J. Havsteen.